

Starfsreglur starfskjaranefndar

Starfskjaranefnd er undirnefnd stjórnar Regins hf. („Reginn“ eða „félagið“). Kveðið er á um skipan hennar í starfsreglum stjórnar félagsins, sbr. einnig leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðbeinandi fyrir félagsstjórn og framkvæmdastjórn um starfskjör æðstu stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund.

Nefndin, sem skal starfa í samræmi við íslensk lög og reglur og góða stjórnarhætti, hefur sett sér þessar starfsreglur sem stjórn Regins samþykkir með undirskrift sinni.

1. Verksvið starfskjaranefndar

1.1. Starfskjaranefnd Regins annast það hlutverk stjórnar að undirbúa og framkvæma;

- a. tillögu að starfskjarastefnu félagsins,
- b. tillögu til hluthafafundar um starfskjör stjórnarmanna og
- c. framkvæmd samninga við forstjóra og aðra starfsmenn, heyri þeir undir stjórn, um laun og önnur starfskjör.

Ákvörðunarvald stjórnar í þessum efnum er ekki falið starfskjaranefnd.

1.2. Hlutverk nefndarinnar felst nánar í að:

- a. Undirbúa tillögu að starfskjarastefnu félagsins. Tillagan skal lögð fram tímanlega fyrir síðasta fund stjórnar fyrir aðalfund félagsins ár hvert.
- b. Hafa eftirlit með eftirfylgni með starfskjarastefnu.
- c. Tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni.
- d. Yfirfara og gera tillögu um árangursmælikvarða í hvatakerfi.
- e. Semja við forstjóra um laun og önnur starfskjör, innan ramma starfskjarastefnu félagsins.
- f. Semja við forstjóra um starfslok.
- g. Taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins.
- h. Meta hvort þörf sé á endurskoðun starfsreglna starfskjaranefndar og leggja slíkar tillögur fyrir stjórn.
- i. Yfirfara niðurstöður úr innri úttekt á jafnlaunakerfi félagsins árlega.
- j. Yfirfara starfsánægjukönnun félagsins.
- k. Leggja fyrir stjórn félagsins árlega skýrslu um störf starfskjaranefndar.

Starfskjaranefndinni er heimilt, innan hæfilegra marka, að leita atbeina ráðgjafa í störfum sínum og skulu þeir þá vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir.

- 1.3. Öllum nefndarmönnum skal, með sannanlegum hætti, kynntar starfsreglur þessar er þeir taka sæti í nefndinni í fyrsta sinn. Þeim skal jafnframt afhent eintak af starfsreglum þessum, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar, leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og hlutafélagalögum.

2. Fundir, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

- 2.1. Í upphafi hvers starfsárs skal starfskjaranefnd gera starfsáætlun, skipuleggja fundi og áætlun um fundarefni út starfsárið. Starfsáætlun skal lögð fram til samþykktar í stjórn félagsins í upphafi starfstímabils.
- 2.2. Um fundi, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur og önnur slík atriði gilda starfsreglur stjórnar félagsins, að breyttu breytanda.

3. Starfskjarastefna

- 3.1. Starfskjaranefnd útbýr starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra, daglegra stjórnenda og stjórnarmanna þess og ber starfskjarastefnu undir stjórn til samþykkis. Starfskjarastefna skal birt á vefsíðu félagsins.
- 3.2. Starfskjarastefnan skal lögð fyrir aðalfund félagsins til samþykktar með eða án breytinga. Á aðalfundi gerir stjórn félagsins jafnframt grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna.
- 3.3. Ef stjórn víkur frá starfskjarastefnunni skal það borið undir starfskjaranefndina til samþykkis, og rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók stjórnar. Starfskjarastefnan er bindandi fyrir félagsstjórnina að því er varðar hlutabréf; kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.
- 3.4. Í starfskjarastefnunni skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félagsins varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Í starfskjarastefnu skal koma fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum umfram föst laun í formi árangurstengdra greiðslna eða starfskjarapátta, hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á þeim, lánasamninga, lífeyrissamninga eða starfslokasamninga.
- 3.5. Starfskjarastefna félagsins skal stuðla að því að hagsmunir stjórnenda séu raunverulega tengdir árangri félagsins og hagsmunum haghafa þess til lengri tíma litið.

4. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 4.1. Um þagnar- og trúnaðarskyldu nefndarmanna gilda starfsreglur stjórnar félagsins.

5. Breytingar á starfsreglum starfskjaranefndar og birting þeirra

- 5.1. Reglur þessar taka mið af 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og starfskjarastefnu félagsins og skulu yfirfarnar minnst árlega. Stjórn félagsins samþykkir breytingar á starfsreglum þessum og hefur við það hliðsjón af tillögum starfandi starfskjaranefndar.
- 5.2. Við gerð reglnanna var stuðst við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.
- 5.3. Ákvæði reglnanna koma ákvæðum hlutafélagalaga samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar til fyllingar.
- 5.4. Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

Þannig staðfest af stjórn Reginn hf. þann 23. mars 2023.

Benedikt Olgeirsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Tómas Kristjánsson

Stefna þessi er undirrituð rafrænt.